

Pure North Recycling ehf.
Sunnumörk 4
810 Hveragerði

Reykjavík, 9. nóvember 2023
UST202311-050/J.T.
05.00

Efni: Afstaða Umhverfisstofnunar til ráðgefandi álits um framleiðslu lífræns áburðar með endurnýtingu úrgangs hjá Pure North Recycling ehf.

Umhverfisstofnun hefur tekið til skoðunar fyrirspurn fyrirtækisins Pure North Recycling ehf. um hvort afurðir úr jarðgerðarvélum fyrirtækisins hætti að vera úrgangur, með vísan til reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs, þegar hún hefur farið í gegnum endurnýtingaraðgerð fyrirtækisins. Endurnýtingaraðgerðin felst í því að framleiða lífrænan áburð með því að jarðgera lífrænan úrgang með jarðgerðarvélum fyrirtækisins.

Upphaflega barst stofnuninni fyrirspurn frá Pure North Recycling ehf. þann 24.08.2023 sem sneri að því hvort þörf væri á að sækja um ráðgefandi álit vegna afurða úr jarðgerðarvélum fyrirtækisins. Umhverfisstofnun taldi að líkur væru á því að ráðgefandi álit hefði nú þegar verið gefið út af öðrum Evrópuríkjum fyrir afurð úr sömu vélum og óskaði eftir upplýsingum þess efnis frá Pure North Recycling ehf. áður en stofnunin ráðlegði fyrirtækinu að sækja um ráðgefandi álit fyrir afurð umræddra jarðgerðarvéla. Umbeðin fylgigögn bárust 15.09.2023 og síðar óskaði stofnunin eftir frekari fylgigögnum frá Tékklandi, í tengslum við álit sem þar hafði verið gefið út, sem bárust þann 03.11.2023.

Markmið reglugerðar nr. 1078/2015 er að stuðla að endurnýtingu úrgangs þannig að hann teljist ekki lengur vera úrgangur og svo að ekki skapist hætta fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið verði ekki fyrir skaða. Stofnunin metur hvort tiltekinn úrgangur hætti að vera úrgangur eftir endurnýtingaraðgerð, sbr. 6 gr. reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs. Við gerð ráðgefandi álits er Umhverfisstofnun heimilt að líta til tiltækra innlendra viðmiða um lok úrgangsfasa í einstökum EES-ríkjum. Stofnunin skal taka mið af eftirfarandi fjórum matsþáttum:

1. Að úrganginum verði breytt í vöru sem hægt sé að setja á markað.
2. Að hægt sé að nota úrganginn sem fer í gegnum endurnýtingaraðgerð á sambærilegan hátt og sambærilega vöru á markaði sem hefur ekki verið unnin úr úrgangi.
3. Að hægt sé að geyma úrganginn sem fer í gegnum endurnýtingaraðgerð og nota hann á þann hátt að hann valdi ekki verri umhverfisáhrifum en sambærileg var á markaði sem hefur ekki verið unnin úr úrgangi.
4. Að umsækjandi tryggi að varan uppfylli ávallt settar kröfur.

Með bréfi sínu þann 20. maí 2014, með tilvísunarnúmer SVS/2014/03 7945-G (einnig skráð sem málsnúmer UKZUZ 163092/2021), gaf Aðaldýralæknastofnun Tékklands (SVSCR) álit sitt þess efnis að afurðir úr jarðgerðarvélum GreenGood-merkisins stæðust þær kröfur sem gerðar eru til lífræns áburðar í lögum Tékklands nr. 156/1998/Coll., að því gefnu að vélarnar gangi fyrir lífrænum heimilisúrgangi, þar á meðal úrgangi sem inniheldur aukaafurðir dýra úr áhættuflokki 3 samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Það álit var staðfest af Miðlægrri stofnun Tékklands yfir stjórnsýslu og prófanir í landbúnaði (UKZUZ) með bréfi sínu dagsettu 06.12.2021, skjalað hjá stofnuninni undir gagnagrunnsnúmer ugbaiq7. Skrifstofa matvælaöryggis Ungverjalands (NEBIH) gaf út álit sitt á notkun vélanna í bréfi sínu nr. 02.3/3076/002/2014, dagsett 19.12.2014 þar sem embættið lagði fram almenna skilmála um notkun þeirra. Almannaheillastofnun Tékklands (SZÚ) gaf út álit sitt á notkun vélanna með bréfi nr. SZU/17055/22 dagsett 17.02.2023 þar sem stofnunin staðfestir að notkun vélanna teljist vera úrgangsförvörn og leggur jafnframt til varúðarráðstafanir um notkun vélanna og afurða þeirra í nærumhverfi barna. Umhverfisstofnun lítur svo á að saman teljist bréfin til ígildis ráðgefandi álits og því sé ekki þörf á útgáfu sérstaks ráðgefandi álits á Íslandi. Stofnunin fékk þá túlkun sína staðfesta frá Miðlægrri stofnun Tékklands yfir stjórnsýslu og prófanir í landbúnaði (UKZUZ) í tölvupósti dags. 03.11.2023.

Jarðgerðarvélarnar eru af gerðunum GreenGood Composter og koma í nokkrum mismunandi útgáfum: GG10, GG30, GG50, GG100, GG300 og GG500. Við fyrstu keyrslu, og síðar eftir þörfum, er notaður kveikur af fjöljaðarþolnum (e. polyextremophilic) *Firmicutes*-bakteríum sem geta brotið niður þann úrgang sem settur er í vélarnar en þola jafnframt hitameðhöndlun. Fyllt er á vélarnar með sérsöfnum lífrænum úrgangi í gegnum lúgu, loftinntak stýrir loftflæði inn í vélarnar, í vélunum er skrófa sem blandar úrganginum á meðan á jarðgerðarferlinu stendur og hitakassi sem stýrir hitastigi. Skynjarar nema umhverfisskilyrði í vélinni og þannig stýrir vélin niðurbrotsferlinu en notandinn getur einnig séð upplýsingar um umhverfisskilyrði í vélinni á mælaborði. Loft sem flæðir úr vélunum fer í gegnum lyktheyðandi búnað og er það ríkt af vatnsgufu og koldíoxíði. Niðurbroti er lokið þegar agnir sem innihalda aukaafurðir dýra hafa náð stærð innan við 1,2 cm og þá getur hitameðhöndlun hafist. Fylla þarf handvirkt á vélarnar og tæma þarf þær handvirkt eftir að hitameðhöndlun er lokið og almennt eru vélarnar ekki tæmdar að fullu á milli keyrslna til að sá úrgangur sem eftir er í vélunum geti þjónað sem kveikur fyrir næstu keyrslu. Fyrir utan áfyllingu og tæmingu eru vélarnar sjálfvirkar en þó er hægt að keyra vélarnar þannig að hitameðhöndlun sé virkjuð handvirkt. Við hitameðhöndlun er tryggt að allt innihald vélanna nái a.m.k. 70°C í eina klukkustund. Nánar er kveðið á um notkun vélanna í handbók vélanna.

Afurðin úr jarðgerðarvélunum er lífrænn áburður með skráningarnúmerið 5242 í Tékklandi (einnig skráð hjá UKZUZ þann 01.10.2021 undir númerinu 177140/2021). Áburðurinn er ætlaður til notkunar sem almennur áburður, sem áburður í pottamold við sáningu pottaplantna innan- og utanhúss, í grænmetisrækt og á runna, tré og gras. Áburðinum er blandað í jarðveg við hefðbundna notkun og ætti ekki að nota áburðinn á æta hluta plantna. Geymsla á áburðinum fer fram í pokum úr pólýetýleni.

Efnafræðilegum eiginleikum áburðarins er lýst í eftirfarandi töflu:

Eiginleiki áburðar	Mæligildi
Rakahlutfall	10-50%
Hlutfall brennanlegra efna	≥40%
Heildarköfnunarefni (N)	≥1,0%
Heildarfosfór í formi fosfórpentoxíðs (P ₂ O ₅)	≥0,6%
Heildarkalíum í formi kalíumoxíðs (K ₂ O)	≥1,0%
pH-gildi	4,0-6,0
C:N-hlutfall	≤30
Óniðurbriótanlegt efni	≤2,0%

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að Matvælastofnun fer með skráningar á áburði sem stendur til að markaðssetja og að endurnýting úrgangs er starfsleyfis skyld starfsemi hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Umhverfisstofnun telur að sá lífræni áburður sem hlýst úr jarðgerðarvélunum vera moltu og sé því undanskilin ákvæða um skráningu til Efnastofnunar Evrópu, skv. reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Önnur ákvæði REACH ásamt ákvæðum reglugerðar nr. 954/2013 um þrávirk lífræn efni gætu átt við að því er varðar takmarkanir eða banni á tilteknum efnum sem finna má í viðaukum við reglugerðirnar. Umhverfisstofnun hefur fallist á að aðstoða Pure North Recycling ehf. við að greina hvernig ákvæði reglugerðarinnar taka til þeirrar vöru sem um ræðir, óski fyrirtækið þess.

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í fyrirspurn Pure North Recycling ehf. og fylgigögnum er það álit Umhverfisstofnunar að sá lífræni úrgangur sem fer í gegnum endurnýtingaraðgerð hjá félaginu hætti að vera úrgangur eftir þá meðhöndlun í skilningi laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Umhverfisstofnun telur rétt að styðjast við álit yfirvalda í Tékklandi og Ungverjalandi, sbr. það sem rakið er í bréfi þessu, í stað þess að gefa út sitt eigið ráðgefandi álit. Stofnunin telur að ekki sé þörf á ráðgefandi áliti frá Umhverfisstofnun að því gefnu að áliti tékkneskra og ungverskra yfirvalda sé fylgt í hvívetna og að Pure North Recycling ehf. tryggi að varan uppfylli ávallt settar kröfur.

Virðingarfyllt,

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur